



Stigveldi framhaldsskóla: Frjálst skólaval ýtir undir og endurskapar félagslega lagskiptingu

Kristjana Stella Blöndal, Elsa Eiríksdóttir og Guðrún Ragnarsdóttir

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Íslensk menntastefna leggur áherslu á jafnrétti til náms og inngildingu. Þrátt fyrir það geta framhaldsskólar sett sín eigin inntökuskilyrði og sumir þeirra velja inn nemendur út frá bóklegri frammistöðu við lok grunnskóla. Hefðbundnir bóknámsskólar hafa sterkari samkeppnisstöðu í vali á nemendum en framhaldsskólar sem bjóða bæði upp á bók- og starfsnám (blandaðir skólar). Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja hvort og þá hvernig skóla- og námsleiðaval viðheldur félagslegri lagskiptingu og mismunun í íslensku samfélagi í andstöðu við gildandi menntastefnu. Greind voru áhrif skólavals á samsetningu nemendahópa framhaldsskóla höfuðborgarsvæðisins með tilliti til félags- og efnahagslegs bakgrunns nemenda, fyrra námsgengis í bóklegum greinum og væntinga um háskólanám. Sömu þættir voru skoðaðir meðal nemendahópa eftir því hvort þeir voru í bóknámi eða starfsnámi. Byggt er á gögnum úr langtímarannsókn á nemendum fæddum 1999. Þátttakendur svöruðu spurningalista við lok grunnskólagöngu sinnar árið 2014 (82% af þýði). Í framhaldinu voru upplýsingar um einkunnir á samræmdum prófum í 10. bekk og skráningu í framhaldsskóla tengdar við. Niðurstöðurnar sýna skýrt mynstur skóla- og námsleiðavals sem viðheldur félagslegri lagskiptingu. Sumir framhaldsskólar velja inn nemendur út frá góðum námsárangri í bóklegum greinum og blandaðir skólar eru ekki þar á meðal. Fyrirkomulag inntöku leiðir til ólíkrar samsetningar nemendahópa eftir skólum. Í þeim skólum þar sem valið er úr nemendum er staða hópsins ekki einungis sterkari námslega heldur einnig félags- og efnahagslega auk þess sem hópurinn er líklegri til að stefna á háskólanám. Sambærilegar niðurstöður komu fram eftir námsleiðum þar sem nemendahópar í bóknámi stóðu betur að vígi en nemendur í starfsnámi. Niðurstöðurnar sýna því skýrt stigveldi framhaldsskóla og námsleiða þar sem félagslegri lagskiptingu er viðhaldið af inntökukerfi sem stangast á við yfirlýst markmið íslenskra menntayfirvalda um jafnrétti til náms og inngildingu.

Efnisorð: framhaldsskólaval, stigveldi, félags- og efnahagslegur bakgrunnur nemenda, félagsleg lagskipting, bóknám, starfsnám, inntökuskilyrði

Inngangur

Á Íslandi má finna stigveldi framhaldsskóla og námsleiða sem virðist nátengt og er viðhaldið af inntökukerfi sem byggir á hugmyndum um frjálst skólaval (e. free school choice) þar sem nemendur og foreldrar þeirra eiga að geta valið skóla og nám að eigin ósk. Frjálst skólaval hefur verið ráðandi stefna síðastliðna tvo áratugi, en niðurstöður erlendra rannsókna benda til að það stuðli að einsleitni nemendahópa og félagslegri lagskiptingu (Dovemark o.fl., 2018; Dovemark og Nylund, 2022; Fjellman o.fl., 2018). Þetta er því í andstöðu við hugmyndir um inngilding (e. inclusion), jafnrétti til náms og heildstæða menntun fyrir alla óháð bakgrunni sem hefur verið meginstef íslenskrar menntastefnu um allnokkurt skeið (Birna Svanbjörnsdóttir o.fl., 2019; Jón Torfi Jónsson o.fl., 2021; lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; mennta- og barnamálaráðuneytið, 2022; mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013; Stjórnarráð Íslands, e.d.).

Laga- og reglugerðaumhverfi íslenskra framhaldsskóla skilgreinir landið sem eitt upptökusvæði; nemendur geta sótt um hvaða framhaldsskóla sem er og skólar geta sömuleiðis valið nemendur óháð því hvar þau búa (reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 98/2000). Reglugerðir sem settar hafa verið um skólaval síðan 2008 veita stjórnendum framhaldsskóla frelsi til að setja eigin stefnu um inntöku nemenda. Þær byggja á mjög lausri umgjörð hins opinbera og ýta undir að skólar velji nemendur á grundvelli árangurs í völdum bóknámsgreinum og greinaflokkum. Að auki bæta ákveðnir skólar við inntökuvíðmiðum sem snúa að þátttöku nemenda í tómstundum, íþróttum og félagslífi. Inntökuskilyrði eru því ólík milli skóla (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018, 2022). Þeir framhaldsskólar sem ganga langt í að nýta sér stefnu um frjálst skólaval og gera stífar inntökukröfur líta fram hjá ríkjandi hugmyndafræði um inngildingu. Með því ýta þeir undir aðgreiningu nemenda í stað þess að laga skólastarfið að fjölbreyttum nemendum eins og kveðið er á um í aðalnámskrá framhaldsskóla (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Að auki hefur verið bent á að hefðbundnir bóknámskólar hafi sterkari samkeppnisstöðu í vali á nemendum en þeir skólar sem bjóða bæði upp á bók- og starfsnám. Starfsnám er ekki í boði í öllum framhaldsskólum og almennt séð eru þeir skólar sem bjóða upp á starfsmenntun ekki eins hátt metnir í samfélaginu og þeir sem eingöngu bjóða upp á bóknám (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2011; Magnús Þorkelsson, 2011).

Hér á landi hafa fáar rannsóknir beint sjónum að afleiðingum stefnunnar um frjálst skólaval (sjá þó Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018; Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018; Magnús Þorkelsson, 2011). Að auki hafa bein áhrif skólavals á samsetningu nemendahópa mismunandi framhaldsskóla ekki verið könnuð eins og hér verður gert. Markmið rannsóknarinnar er því að kortleggja hvort og þá hvernig skóla- og námsleiðavali viðheldur félagslegri lagskiptingu og mismunun í íslensku samfélagi. Rannsóknin er meginleg þýðisrannsókn og nær til heils árgangs ungmenna á höfuðborgarsvæðinu. Greind er samsetning nemendahópa eftir skóla- og námsleiðavali með tilliti til félags- og efnahagslegs bakgrunns, fyrra námsgengis og væntinga um háskólanám. Allir þessir þættir hafa áhrif á framtíðarhorfur ungmenna með tilliti til menntunar og stöðu á vinnumarkaði og ýta með því undir og endurskapa félagslega lagskiptingu (Dubow o.fl., 2009; Emil Dagsson o.fl., 2020; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014; Van den Broeck o.fl., 2023).

Stigveldi náms og skóla

Stigveldi náms og skóla á sér djúpar rætur í íslensku skólakerfi. Framan af var bók- og starfsnám skipulagt í aðskildum skólagerðum sem mismunandi lög og reglugerðir giltu um (Jón Torfi Jónasson, 1992). Atli Harðarson (2011) rekur hefðir og rætur bóknámskólanna til gamla latínuskólans og bendir á að þau grunnfög sem kennd eru í þeim skólum hafi lítið breyst síðan 1904. Hugtakið framhaldsskóli kom fyrst fram við lagasmíði árið 1970 í frumvarpi til laga um skólakerfi (síðar: lög um skólakerfi nr. 55/1974), þar sem skólastigið á milli grunnskóla og háskóla var nefnt framhaldsskólastigi. Í kjölfarið festi heitið framhaldsskóli sig í sessi um skóla á þessu skólastigi (Jón Torfi Jónasson, 2008). Áfangakerfið var innleitt um svipað leyti eða árið 1972 í Menntaskólanum við Hamrahlíð (Menntaskólinn við Hamrahlíð, e.d.). Í athugasemdum við frumvarp til laga um stofnun sameinaðs framhaldsskóla frá sama tíma, sem hugsaður var í fyrstu sem tilraunaskóli, kom fram að markmið laganna skyldi vera að „auka jafnrétti nemenda með ólíka hæfileika og ólík áhugaefni“ (þingskjal nr. 763/1971–1972). Í lögum um heimild til að stofna fjölbrautaskóla sem síðan voru samþykkt á Alþingi árið 1973 kemur hugtakið fjölbrautaskóli fyrst fram í lagasetningu (lög um heimild til að stofna fjölbrautaskóla nr. 14/1973). Fyrsti fjölbrautaskólinn var í kjölfarið stofnaður í Breiðholti árið 1975. Heildarlöggjöf um framhaldsskóla var ekki samþykkt hér á landi fyrr en árið 1988. Með henni var formlega bundið í lög að hægt væri að bjóða fram bæði bók- og starfsnám í sama framhaldsskólanum (Jón Torfi Jónasson, 2008; lög um framhaldsskóla nr. 57/1988).

Hefðbundnum bóknámsbrautum lýkur með stúdentsprófi sem miðar að því að búa nemendur undir háskólanám meðan starfsnámsbrautum er fyrst og fremst ætlað að undirbúa nemendur fyrir tiltekin

störf og námslok eru því gjarnan próf til starfsréttinda (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Það er þó athyglisvert að samkvæmt nógildandi aðalnámskrá framhaldsskóla (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012) er sérstaklega tekið fram að nemendur geti lokið stúdentsprófi af brautum sem eru að uppistöðu bóknám, listnám eða starfsnám. Hér má því sjá tilraun hjá menntayfirvöldum sem gengur lengra en áður til að jafna stöðu bóknáms og starfsnáms, en þrátt fyrir það er viðbótarnám til stúdentsprófs enn helsta leið starfsnámsnemenda til að ljúka stúdentsprófi (Elsa Eiríksdóttir, 2022).

Árið 2021 voru inntökuskilyrði háskóla rýmkuð þannig að bæði stúdentspróf og önnur lokapróf framhaldsskóla á 3. hæfniprepi veita aðgang að háskóla óháð námsleið eða námslokum (lög um háskóla nr. 63/2006; lög um opinbera háskóla nr. 85/2008). Breytingunni var ætlað að jafna stöðu bók- og starfsnáms með því að opna á aðgengi að háskólanámi fyrir starfsnámsnemendur (Elsa Eiríksdóttir, 2022). Enn er þó óljóst hvort löggin muni hafa þau áhrif þar sem inntöku er stjórnað af deildum háskóla sem setja eigin aðgangskröfur.

Dræm aðsókn í starfsnám í framhaldsskóla hefur lengi verið túlkuð sem merki um veikari stöðu þess í samanburði við bóknám. Frá miðbiki síðustu aldar til aldamóta var þróunin sú að hlutur bóknáms jókst jafnt og þétt á meðan aðsókn í starfsnám stóð í stað (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018; Jón Torfi Jónasson og Gunnhildur Óskarsdóttir, 2016). Á þeim tíma sem þessi rannsókn tekur til stunduðu tveir þriðju nemenda nám á bóknámsbrautum en einn þriðji var í starfsnámi. Þetta hlutfall hefur verið nokkuð stöðugt undanfarna tvo áratugi (Hagstofa Íslands, e.d.-a, 2018; mennta- og barnamálaráðuneytið, 2016; Menntamálastofnun, 2018). Hvað varðar val nemenda á framhaldsskólum og námsleiðum benda rannsóknir til að meirihluti nemenda líti frekar til bóknáms en starfsnáms (Heiður Hrund Jónsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2023; Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016). Að grunnskóla loknum innritast nánast öll beint í framhaldsskóla (95–97%) en aðeins um 15% nemenda að meðaltali velja starfsnám (Hagstofa Íslands, e.d.-b, 2018; Menntamálastofnun, 2018). Bóknám virðist því almennt vera sjálfgefið val nýnema í framhaldsskólum á Íslandi (Sandra D. Gunnarsdóttir, 2020).

Ýmsar ástæður geta legið að baki vali á námi en athygli vekur að rannsóknir sýna að nemendur sem stunda bóknám eru óvissari um námsval sitt en þau sem stunda starfs- eða listnám, einkum ef þeim líkaði verknám betur í grunnskóla (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016). Því hefur fleira en áhugi á námi áhrif, t.d. álit foreldra og stefna félaga, en margir nemendur taka mið af vali félaga þegar framhaldsskóli er valinn (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016; Svanhildur Svavarsdóttir, 2010). Áhrif foreldra eru óumdeilanleg í skólavali. Í rannsókn Kristjönu Stellu Blöndal og félaga (2016) sögðu flestir framhaldsskólanemar að foreldrar þeirra hefðu lagt áherslu á að þau tækju stúdentspróf, jafnvel meira en þau sjálf. Foreldrar virðast hafa sterka trú á að bóknámsbrautir byggji upp betri grunn fyrir framtíðina en aðrar námsbrautir. Eins virðist háskólagráða oft vera markmið foreldra þegar þeir horfa til framtíðaráforma barna sinna, jafnvel þótt börnin þeirra hafi meiri áhuga á starfsnámi (sjá einnig Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018).

Ákveðnir bóknámsskólar virðast hafa hærra virðingarstöðu í íslensku samfélagi, sérstaklega í samanburði við framhaldsskóla sem bjóða bæði upp á bók- og starfsnám (Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2011; Magnús Þorkelsson, 2011). Almennt er ekki þekkt að sett sé fram röðun á framhaldsskólum eftir virðingarstöðu og skilgreindir mælikvarðar eru ekki notaðir á Íslandi, en þó hafa tilraunir verið gerðar til þess, til dæmis í tímaritinu *Frjálsri verslun* (Magnús Þorkelsson, 2012; Pawel Bartoszek, 2011, 2012). Engu að síður ríkir óformleg röðun í samfélagslegri orðræðu þar sem tiltekna bóknámsskólar eru oft flokkaðir í svokallaða „éltuskóla“ sem þykja tryggja góðan undirbúning fyrir háskólanám (sjá t.d., Björn Guðmundsson, 2018; Bryndís Schram, 2009; Pawel Bartoszek, 2010; Páll Vilhjálmsson, 2017). Dæmi um birtingarmynd þessarar orðræðu er umfjöllun í fjölmiðlum um inntöku nýnema í framhaldsskóla á hverju vori og hvað þarf til að komast inn í tiltekna vinsæla framhaldsskóla (Anna Lilja Þórisdóttir, 2023; Kolbeinn Tumi Daðason, 2023; Snorri Másson, 2022; Urður Örlygsdóttir og Ísak Gabriel Regal, 2023).

Af framansögðu má ráða að í íslensku framhaldsskólakerfi ríki tvöfalt stigveldi sem tvinnast saman: Stigveldi skóla og námsleiða. Bóknám nýtur meiri virðingar en starfsnám og ákveðnir framhaldsskólar, og þá sérstaklega skólar sem einungis bjóða bóknám og eiga sér langa sögu, virðast hafa hærri virðingarstöðu en þeir sem einnig bjóða upp á starfsnám. Þrátt fyrir langvarandi ákall og aðgerðir til að styrkja stöðu starfsnáms á Íslandi virðist því lítið þokast (Elsa Eiríksdóttir, 2022; Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018; Ríkisendurskoðun, 2017) þótt nú séu vísbendingar um aukinn áhuga ungmenna á tilteknu starfsnámi (Menntamálastofnun, e.d.).

Stigveldi skóla og námsleiða skiptir máli þegar lítið er til inntökukerfis sem byggir á stefnu um frjálst skólalval því það segir til um hvaða skólar og námsleiðir geta valið inn nemendur og hvaða skólar og námsleiðir ekki. Það er ljóst að stigveldi skóla og sjálfsvald þeirra til að stýra inntöku nemenda hefur ekki hjálpað við að styrkja stöðu starfsnáms (sjá Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018) enda gefa erlendar rannsóknir til kynna að markaðsvæðing og frelsi skóla til að velja hvaða nemendur fá inngöngu hafi mikið að segja um ójafna stöðu bóknáms og starfsnáms (Dovemark og Holm, 2017). Þá taka aðrar rannsóknir á erlendum vettvangi undir það sem hér hefur komið fram. Þær sýna fram á dræmari aðsókn í starfsnám en bóknám, lægri félagslega stöðu nemenda, sértækara inntak námsins og takmarkaðri möguleika til náms að loknum framhaldsskóla (Aarkrog, 2020; Billett, 2014; Cedefop, 2014; Dovemark og Holm, 2017; Jørgensen, 2022; Lasonen og Young, 1998; Parkes, 1993). Einnig hefur verið sýnt fram á að ólík staða bók- og starfsnáms hefur afleiðingar fyrir framtíðarmöguleika nemenda (Isopahkala-Bouret o.fl., 2018; Jørgensen, 2022; Nylund o.fl., 2018).

Stefna um frjálst skólalval

Stefna um frjálst skólalval sprettur úr farvegi nýfrjálshyggju og tengist hugmyndum um markaðssetningu og einkavæðingu menntunar (Dolton, 2003; Dovemark og Nylund, 2022). Stefnan grundvallast á að nemendur (og foreldrar þeirra) hafi rétt til að velja sér skóla og að fjölskyldur hafi jafn mikla möguleika og getu til að velja þann framhaldsskóla sem best hentar framtíðaráformum ungmenna. Hugmyndin byggir á að samkeppnin leiði til betri skóla sem þurfi sífellt að bæta árangur og þróa námið til að halda stöðu sinni (Burgess o.fl., 2007; Hoxby, 2003; Musset, 2012; West, 2006). Í þessum áherslum er lítið á frjálst skólalval sem samspil á milli þess hvaða skóla nemendur velja og hvernig skólar velja inn nemendur (Ball og Youdell, 2008; Dovemark o.fl., 2018; West, 2006).

Frjálst skólalval ýtir undir ákveðna félagslega pólun sem eykur kerfislæga mismunun og aðgreiningu skóla (e. school segregation) (Ball og Youdell, 2008; Lolle og Rasmussen, 2022; West, 2006). Sýnt hefur verið fram á að skólalval fer almennt ekki fram á jafnræðisgrundvelli heldur tengist að miklu leyti fjölskyldubakgrunni þar sem efri og millistétt eru líklegri en lægri stéttir til að hafa vilja og getu til að skilja og nýta sér frelsið til að velja skóla (Berglind Rós Magnúsdóttir og Kosunen, 2022; Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018; Dovemark o.fl., 2018; Musset, 2012; Reay, 2004). Aðgengi að úrræðum og upplýsingum fer eftir samfélagshópum og félagslegu tengslaneti einstaklinga. Þeir sem þekkja og skilja kerfið nýta sér það til eigin hagsbóta (Horvat o.fl., 2003). Í því sambandi gegnir félagsleg staða foreldra í efri stéttum mikilvægu hlutverki í að standa vörð um ríkjandi kerfi (Ball og Vincent, 1998). Áhrif foreldra á skóla- og námsval eru því ekki einungis bein, heldur einnig óbein þar sem hún er háð stéttarstöðu.

Á Norðurlöndunum benda nýlegar niðurstöður til að frjálst skólalval stuðli að félags- og menningarlegri aðgreiningu milli hópa (Dovemark og Nylund, 2022; Dovemark o.fl., 2018; Fjellman o.fl., 2018). Nemendur velja skóla út frá orðspori þeirra og skólar búa til regluverk til þess að laða til sín nemendur sem eru líklegir til að viðhalda orðstír og stöðu skólans (Ball og Vincent, 2007; Dovemark og Holm, 2017). Þetta á einnig við á Íslandi þar sem bóknámsskólar með hátt höfnunarhlutfall tvöfalda vægi ákveðinna bóknámsgreina þegar nemendur eru valdir inn í skólana (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018, 2022). Eftir því sem skólar leggja meiri áherslu á að ná til tiltekins hóps því einsleitari verður nemendahópurinn með tilliti til stéttar og uppruna og meiri líkur á að samsetning hans haldist óbreytt (Dovemark og Holm, 2017). Frjálst skólalval getur einnig dregið úr gæðum náms. Í

Danmörku hefur stefnan haft þær afleiðingar að sumir framhaldsskólar laða til sín fleiri nemendur en þeir geta sinnt á meðan aðrir skólar berjast í bökkum fjárhagslega þar sem aðsókn er of lítil, sem aftur hefur neikvæðar afleiðingar fyrir skólafarfið (Lolle og Rasmussen, 2022).

Fáar rannsóknir eru til um skólalag og áhrif félagslegra þátta á Íslandi. Magnús Þorkelsson (2011) skoðaði umsóknartölur nýnema á haustönn 2011. Hann sýndi fram á raunsætt skólalag nemenda. Langflest velja skóla sem líklegt er að þau komist inn í út frá einkunnum við lok grunnskóla. Hann benti á að nemendur og foreldrar þeirra væru almennt meðvituð um inntökuskilyrði framhaldsskólanna. Niðurstöðurnar sýndu að þeir nemendur sem raunverulega höfðu val um framhaldsskóla bjuggu á höfuðborgarsvæðinu og höfðu háar einkunnir í bóknámi við lok grunnskóla. Að sama skapi voru þeir skólar sem raunverulega höfðu val um nemendur hefðbundnir bóknámskólar: Menntaskólinn í Reykjavík, Kvennaskólinn, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Verslunarskóli Íslands.

Framangreindar niðurstöður sýna hin gagnkvæmu áhrif nemenda og skóla sem frjálst skólalag leiðir af sér þótt lokaákvörðun um skólalag liggja á endanum hjá skólunum. Sumir skólar geta valið nemendur og sumir nemendur geta valið skóla. Skólar keppa um nemendur sem styrkir stöðu forréttindahópa og ákveðinna skóla. Afleiðingar stefnunnar ganga því þvert á grundvallarhugmyndafræði hennar um að nemendur hafi jafnan rétt til að velja sér skóla og nám, að fjölskyldur séu jafn hæfar til að velja þann framhaldsskóla sem best hentar framtíðaráformum ungmenna og að samkeppnin leiði til betri skóla (Musset, 2012; West, 2006). Þegar horft er til þeirrar stefnu sem ríkir á Íslandi í tengslum við skólalag og stigveldi skóla og námsleiða, er líklegt að það sama eigi við hér.

Skólalag á Íslandi og inntökuskilyrði framhaldsskóla

Í upphafi 21. aldar var frjálst skólalag innleitt á Íslandi en fyrir þá breytingu tók hver skóli fyrst og fremst inn nemendur innan skilgreinds upptökusvæðis. Landið var þá skilgreint sem eitt upptökusvæði (reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 98/2000) og þannig var opnað fyrir samkeppni skóla um nemendur í samræmi við hugmyndafræðina um frjálst skólalag (Ball og Vincent, 1998; Dovemark og Rasmussen, 2022). Sett voru miðlæg inntökuskilyrði byggð á meðaltali samræmdra prófa í íslensku, ensku og stærðfræði og skólaeinkunnum í sömu námsgreinum. Út frá þeim voru umsóknir nemenda í framhaldsskóla metnar. Til viðbótar gátu skólar tekið mið af námsgreinum sem voru áhersluatriði á þeim námsbrautum sem nemendur sóttu um. Samanborið við bóknámsbrautir voru inntökuvíðmið starfsnámsbrauta mun óskýrari og minni kröfur gerðar um fyrri námsárangur (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2022; reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 98/2000). Við þessar breytingar á inntökureglum leituðust skólar við að skapa sér sérstöðu á menntamarkaði sem stuðlaði enn frekar að stigveldi skóla (Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018; Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018). Þetta er í samræmi við þróun annars staðar í heiminum (sjá Ball og Vincent, 1998; Ball og Youdell, 2008; Dovemark o.fl., 2018; Lolle og Rasmussen, 2022; Lundahl o.fl., 2013).

Árið 2008 voru sett ný lög um framhaldsskóla og sjálfræði skóla jókst samfara aukinni dreifstýringu. Í kjölfarið breyttust reglur um inntöku og skólar fengu aukið frelsi til að skilgreina sérstöðu sína og hanna námsbrautir út frá því (María Jónasdóttir o.fl., 2023). Reglugerð sem þá var sett skilyrði inntökuvíðmið út frá námsgreinum grunnskólans en skólar gátu einnig gert „sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir“ (reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 1150/2008). Þrátt fyrir þessa opnun lögðu framhaldsskólar áfram áherslu á kjarnagreinarnar íslensku, ensku og stærðfræði í inntökuvíðmiðum (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018, 2022). Frá árinu 2010 var skólum gert að taka inn 40–45% nýnema úr skilgreindum hverfum. Í kjölfarið fengu margir nemendur ekki inngöngu í þann framhaldsskóla sem þau völdu þrátt fyrir góðan námsárangur. Þetta fyrirkomulag fékk umtalsverða gagnrýni og í kjölfarið var ákvæðið úrskurðað ólöglegt og fellt úr gildi árið 2012 (Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018; Sigríður, 2010; Umboðsmaður Alþingis, 2010). Þá var sett ný reglugerð sem veitti skólum frelsi til að setja forgangsvíðmið um inntöku út frá lögheimili nemenda í nágrenni skólans „á öðrum

námsbrautum en þeim er fela í sér sérhæft nám“. Skólunum var einnig gert að fylgja ákveðnum forgangsreglum. Nemendur sem þegar stunduðu nám við skólann höfðu fyrsta forgang fram að 18 ára aldri. Næst var kveðið á um forgang nemenda með þroskahömlun og forgang nýnema sem voru að brautskrást úr grunnskóla (reglugerð nr. 204/2012 um breytingu á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 1150/2008). Árið 2016 bættist eftirfarandi klausa við:

Í þeim tilvikum þegar velja þarf úr stórum hópi umsækjanda er framhaldsskóla einnig heimilt að taka mið af viðbótargögnum sem nemandi kys að senda með umsókn sinni, eins og staðfestar upplýsingar um þátttöku og árangur í félagsstarfi, öðru námi, keppnum af ýmsu tagi, svo sem íþróttum, listum, tungumálum og raungreinum og niðurstöður samræmdra könnunarprófa (reglugerð nr. 1199/2016 um breytingu á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 1150/2008).

Hér er ekki minnst á þátttöku eða árangur í verk- eða starfsnámi og ljóst er á þessari kláusu að félagslegur og efnahagslegur bakgrunnur nemenda er gerður eftirsóknarverður því ekki hafa allir nemendur og foreldrar þeirra tók á að borga fyrir íþrótt- og tómsundaiðkun. Nú hefur Verzlunarskóli Íslands ákveðna sérstöðu en hann er eini skólinn sem velur inn nemendur á grundvelli kynjakvóta þar sem miðað er við að „aðeins 60% af einu kyni sé innritað í skólann“ (Lilja Valgerður Pétursdóttir, 2021).

Þegar horft er á þróun inntökuskilyrða framhaldsskóla frá aldamótum má greina sterka stöðu bóknámsgreina. Framhaldsskólar velja inn nemendur einkum á grundvelli fyrri árangurs í fáeinum bóknámsgreinum, aðallega í íslensku, ensku og stærðfræði sem hafa talist til kjarnagreina um langt skeið. Við inntöku í skólana er því kerfisbundið horft fram hjá annarri mikilvægri hæfni. Inntökukerfið, sem ber keim af markaðsvæðingu, viðheldur og styrkir bóklega elítu og skólar keppa um nemendur sem standa sterkt í fáum bóklegum greinum.

Markmið og rannsóknarspurningar

Af framangreindri umfjöllun um íslenska framhaldsskólakerfið má sjá ákveðnar þversagnir hvað varðar skólaval og inntöku í framhaldsskóla. Annars vegar er í gildi stefna um frjálst skólaval sem byggir á ákveðnum hugmyndum um að allir geti og séu jafn færir um að velja skóla og námsleiðir. Hins vegar benda niðurstöður rannsókna til að frjálst skólaval leiði til félagslegrar aðgreiningar og lagskiptingar sem er í andstöðu við hugmyndir um inngildingu og jafnrétti til náms.

Markmið þessarar rannsóknar er að kortleggja hvort og þá hvernig skóla- og námsleiðaval viðheldur félagslegri lagskiptingu og mismunun í íslensku samfélagi í andstöðu við gildandi menntastefnu. Rannsóknarspurningar eru eftirfarandi:

Hver eru áhrif skóla- og námsleiðavals (bóknám eða starfsnám) á samsetningu nemendahópa framhaldsskóla með tilliti til félags- og efnahagslegs bakgrunns nemenda, fyrra námshengis í bóklegum greinum og væntinga um háskólanám?

Hvernig birtist félagsleg lagskipting í samsetningu nemendahópa í framhaldsskólum og á mismunandi námsleiðum?

Aðferð

Gögnin sem liggja til grundvallar eru hluti af alþjóðlegu langtímarannsókninni Borgarbörn (e. International Study of City Youth, ISCY, sjá Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2019). Í rannsókninni er einum árgangi nemenda fylgt eftir, fyrst um haustið þegar þau voru í 10. bekk grunnskóla og síðan framhaldsskólavali þeirra ári síðar. Byggt er bæði á gögnum úr spurningakönnun sem lögð var fyrir þátttakendur í 10. bekk og opinberum gögnum.

Þátttakendur og þáttökuskólar

Þýði þessarar rannsóknar eru nemendur sem voru í 10. bekk haustið 2014 (N = 2.408) og sem jafnframt voru skráð í einn af 13 framhaldsskólum höfuðborgarsvæðisins haustið eftir (2015), alls 2.341 nemandi. Þessi rannsókn nær til 1.869 nemenda eða 80% af þýðinu.

Fjöldi þátttakenda í hverjum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu er sýndur í *Töflu 1* ásamt upplýsingum um hve hátt hlutfall af þýði er með í rannsókninni í hverjum skóla. Framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu voru 13 á þeim tíma sem gagna var aflað og hér eru þeir flokkaðir í (1) hreina bóknámsskóla (átta skólar: FG, Flb, Fmos, Kv, MH, MR, MS og VÍ), og (2) blandaða skóla sem bjóða upp á námsbrautir í bók- og starfsnámi (fimm skólar sem merktir verða feitletraðir: **BHS, FÁ, FB, MK og TS**).

Tafla 1

Fjöldi þátttakenda og hlutfall af þýði eftir framhaldsskólum

Skóli	Skammstöfun	Fjöldi nemenda	Hlutfall af þýði %
Borgarholtsskóli	BHS	121	66
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	FÁ	52	59
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	FB	105	72
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	FG	142	80
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	Flb	137	80
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Fmos	62	78
Kvennaskólinn í Reykjavík	Kv	168	88
Menntaskólinn við Hamrahlíð	MH	197	85
Menntaskólinn í Kópavogi	MK	167	78
Menntaskólinn í Reykjavík	MR	177	93
Menntaskólinn við Sund	MS	189	81
Tækniskólinn	TS	121	68
Verzlunarskóli Íslands	VÍ	231	90
	Samtals	1869	80

Athugasemd við töflu: Skammstafanir skóla feitletraðar sem bjóða upp á bók- og starfsnámsbrautir.

Af þeim 1.869 sem rannsóknin náði til fóru 1.303 (70%) í hreina bóknámsskóla að grunnskóla loknum en 566 (30%) í blandaða skóla. Rúmlega helmingur þeirra sem sóttu nám í blandaða skóla fór í bóknám (310 nemendur), 198 fóru í starfsnám og 58 fóru á almenna braut.

Framkvæmd

Spurningakönnun var lögð fyrir á skólatíma í 10. bekk árið 2014 og tóku 1.956 nemendur í 44 grunnskólum þátt, eða um 82% árgangsins. Af þátttakendum voru 52,5% kvenkyns og 47,5% karlkyns og 5% voru með erlendan bakgrunn (báðir foreldrar fæddir utan Íslands) (Heiður Hrund Jónsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2023). Leyfi fyrir rannsókninni fékkst hjá Persónuvernd (nr. S7011) og menntayfirvöldum í sex sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Allir skólustjórar nema einn af þeim 45 grunnskólum sem buðu upp á nám í 10. bekk samþykktu þátttöku. Nemendur og foreldrar fengu sent kynningarbréf um rannsóknina þar sem óskað var eftir upplýstu samþykki nemenda og foreldra þeirra. Í bréfinu var trúnaði og nafnleynd heitið.

Mælingar

Í rannsókninni verður sjónum beint að bakgrunni, fyrri frammistöðu í námi og framtíðarvæntingum nemenda í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar um framhaldsskólalval (skráning nemenda á fyrsta ári í framhaldsskóla og um námsleið) fengust hjá Hagstofu Íslands og upplýsingar um frammistöðu í námi voru fengnar frá Menntamálastofnun. Aðrar mælingar byggjast á spurningakönnuninni sem lögð var fyrir þátttakendur í lok grunnskóla þegar þau voru 15 ára (í 10. bekk).

Félags- og efnahagslegur bakgrunnur nemenda var skoðaður út frá menntun foreldra og hlutlægu og huglægu mati nemenda á félags- og efnahagslegri stöðu sinni. Í hlutlægu mælingunni var ISEI-stuðullinn notaður sem metur stöðu starfa með tilliti til þess hvaða menntun og tekjur fólk í þeim störfum hefur (Ganzeboom, 2010). Ef báðir foreldrar voru á vinnumarkaði var starfið sem hærra var metið notað sem vísbending um félags- og efnahagslega stöðu fjölskyldunnar ($M = 65,2$, $sf = 17,5$, $spönn = 14,2-74,8$). Huglæga mælingin byggist á mati þátttakanda á fjárhagslegum erfiðleikum foreldra sinna. Svarendur voru beðnir um að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: Foreldrar mínir eiga oft erfitt með að ná endum saman fjárhagslega. Svarmöguleikar voru fjórir frá mjög ósammála (1) til mjög sammála (4). Einnig var spurt um hæsta menntunarstig foreldra og ef menntunarstig þeirra var ólíkt, var það hærra notað.

Frammistaða í námi var byggð á meðaltali einkunna á samræmdum prófum í íslensku, stærðfræði og ensku sem nemendur þreyttu í 10. bekk, þá 15 ára ($M = 32$, $sf = 8,6$, $spönn = 1-57$). Fylgni á milli frammistöðu í greinunum þremur var nokkuð sterk (íslenska og stærðfræði, $r = 0,69$; íslenska og enska, $r = 0,68$; stærðfræði og enska, $r = 0,56$).

Við 15 ára aldur voru nemendur spurðir hvað þau sæju fyrir sér að gera að loknu námi í framhaldsskóla. Svarmöguleikarnir voru: „Ég ætla í háskólanám“, „Ég ætla í verklegt framhaldsnám“, „Ég ætla að fá mér vinnu“ og „Ég veit það ekki“. Auk þess gátu svarendur merkt við annað og voru þá spurðir nánar um það. Breytan var umkóðuð í „væntingar um nám á háskólastigi“ (1) og „ekki með væntingar um háskólanám“ (0). Alls voru 56% af þátttakendum með væntingar um áframhaldandi nám á háskólastigi.

Greining gagna

Greining gagna er byggð á lýsandi tölfræði og ályktunartölfræði. Meginúrvinnslan beinist að samanburði á nemendahópum framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess er samanburður á nemendum í blönduðu skólum eftir því hvort þeir fóru í starfsnám eða bóknám (þar með talið listnámsbrautir til stúdentsprófs). Notuð er myndræn framsetning í samanburði eftir skólum og námsleiðum, bæði kassarit og stöplarit. Kassarit gefa upplýsingar um dreifingu breyta. Þau sýna fjórðungsmörk dreifingar, það er neðri og efri fjórðungsmörk (neðri og efri endi kassans) og miðgildi (línán í gegnum kassann). Línurnar út frá sitt hvorum enda kassans, svokölluð skegg, sýna dreifingu lægsta og hæsta fjórðungs. Hringir utan skeggsins sýna þau gildi dreifingar sem eru óvenju há eða lág. Jafnframt er meðaltalið sýnt með X-i. Til að auðvelda samanburð á hlutlægri félags- og efnahagslegri stöðu og fyrri námsárangri nemendahópa er notuð staðaldreifing með meðaltalið núll og staðalfrávikðið einn. Hlutföll eru notuð í samanburði með raðbreytum.

Við mat á marktekt eru leiðrétt öryggisbil notuð (e. finite-population correction factor, t.d. Thompson, 2012) til að bregðast við háu hlutfalli þátttakenda af þýðinu en að meðaltali ná gögnin yfir 80% þýðisins eins og fram hefur komið (sjá *Töflu 1*). Mat á áhrifastærð forspárgildis hlutlægrar félags- og efnahagslegrar stöðu og fyrri námsárangurs byggist á *Nagelkerke R²*.

Niðurstöður

Í þessum kafla kynnum við samanburð á samsetningu nemendahópa (e. school composition) í 13 framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu með tilliti til bakgrunns nemenda, námsárangurs á

samræmdum prófum í lok grunnskóla og væntinga um að fara í háskólanám.

Félags- og efnahagslegur bakgrunnur


Umtalsverður munur kom fram á bakgrunni nemendahópa framhaldsskólanna á öllum þremur mælikvörðunum sem voru til skoðunar, það er menntunarstigi foreldra (hærra menntunarstig foreldris) og hlutlægrri og huglægrri mælingu á félags- og efnahagslegri stöðu.

Niðurstöður fyrir hlutlæga félags- og efnahagslega stöðu má sjá á *Mynd 1*. Þar kemur fram samanburður á nemendahópnum milli skóla. Hvert kassarit sýnir dreifingu innan viðkomandi skóla, miðgildi dreifingarinnar, neðri og efri fjórðungsmörk og lágsta og hæsta gildi. Auk þess er meðaltalið sýnt með bókstafnum X. Notuð eru staðalgildi, þar sem meðaltal árgangsins er núll og staðalfrávikidið einn. Myndin sýnir einnig tegund skólanna, það er hvort um er að ræða bóknámsskóla eða blandaða bók- og starfsnámsskóla. Blandaðir bók- og starfsnámsskólar eru merktir með feitletrun í heiti og doppum í súlu.

Tökum dæmi af MK á *Mynd 1*. Miðgildið sýnir að um helmingur nemenda MK var fyrir ofan meðaltal árgangsins og helmingur fyrir neðan og að staða meðalnemands (X) í MK var undir meðallagi árgangsins. Jafnframt má sjá á spönninni (skeggin) hve mikil breidd er í félags- og efnahagslegri stöðu nemendahópsins.

Mynd 1

Hlutlæg félags- og efnahagsleg staða nemendahópa eftir skólum og gerð skóla. Skólunum er raðað frá lágsta til hæsta meðaltals




Mynd 1 sýnir verulegan mun á félags- og efnahagslegri stöðu nemendahópa framhaldsskólanna. Sterkust var staða nemendahópanna í MR, MH og VÍ. Sjá má að staða um 80% nemenda í MR og MH var hærri en meðalnemanda í árganginum. Auk þess er lítil dreifing innan þessara skóla sem þýðir að staða nemendahópanna er ekki einungis sterkari en í öðrum skólum heldur eru hóparnir jafnframt einsleitari. Félags- og efnahagsleg staða nemendahópsins í FB var áberandi lægst. Meðalnemandinn þar tilheyrði þeim fjórðungi árgangsins sem hafði lágsta stöðu.

Athygli vekur að þeir framhaldsskólar sem höfðu sterkustu nemendahópana með tilliti til félags- og efnahagslegrar stöðu voru allir bóknámsskólar á meðan blönduðu skólarnir fimm voru meðal þeirra sex skóla þar sem félags- og efnahagsleg staða var lægst. Forspá félags- og efnahagslegrar stöðu nemenda um í hvaða framhaldsskóla þeir fóru að loknum grunnskóla skýrði níu prósent af skólavali (Nagelkerke $R^2 = 0,09$). Niðurstöður sýndu marktækan mun á nemendahópum á milli skóla miðað við 95% öryggisbil. Meðalstaða nemendahópa var hæst í MR, næsthæst í MH og í þriðja sæti var VÍ, en í FB var hún lægst.

Umtalsverður munur var á huglægri félags- og efnahagslegri stöðu nemendahópa eftir skólum eins og sjá má á *Mynd 2*. Myndin sýnir hlutfall nemenda í hverjum skóla sem voru sammála eða mjög sammála þeirri staðhæfingu að foreldrar þeirra ættu oft erfitt með að ná endum saman. Eins og sjá má var hlutfallið hæst meðal nemenda í FB, en 30% nemenda voru sammála eða mjög sammála staðhæfingunni samanborið við einn af hverjum tíu í MR og VÍ, þar sem hlutfallið var lægst. Niðurstöður sýndu marktækan mun á nemendahópum á milli skóla miðað við 95% öryggisbil. Fjárhagserfiðleikar fjölskyldunnar voru hlutfallslega algengastir meðal nemendahópsins í FB og næstalgengastir í TS en hlutfallslega fæstir í MR og VÍ töldu foreldra sína eiga erfitt með að ná endum saman. Enn fremur má sjá að þeir fjórir skólar þar sem minnst var um fjárhagserfiðleika á heimilinu voru allir bóknámsskólar.

Mynd 2


Huglæg félags- og efnahagsleg staða nemendahópa eftir skólum og gerð skóla



Mjög mismunandi var eftir skólum hve hátt hlutfall foreldra var með háskólamenntun eins og sjá má á *Mynd 3*. Mikill meirihluti nemenda átti foreldri eða foreldra með háskólamenntun í MR (88%), MH (86%) og VÍ (82%) sem allir eru bóknámsskólar. Lægst var hlutfallið hjá nemendum í FB eða 42%. Allir blönduðu skólarnir voru meðal þeirra sex skóla þar sem hlutfall háskólamenntaðra foreldra var lægst.

Mynd 3

Hlutfall foreldra með háskólamenntun eftir skólum og tegund skóla




Námsárangur á samræmdum prófum og væntingar um háskólanám

Fyrri námsárangur nemendahópa var metinn út frá meðaleinkunn í íslensku, stærðfræði og ensku á samræmdum prófum í 10. bekk (sjá *Mynd 4*). Notuð voru staðalgildi þar sem meðalárangur í árganginum var núll og staðalfrávikíð einn.

Eins og sjá má á *Mynd 4* var skýr munur á fyrri námsárangri í kjarnagreinum milli skóla. Í þeim skólum þar sem nemendahópurinn var námslega sterkastur að þessu leyti – MR, VÍ, MH og Kv – var meðaleinkunn hærri en meðalnemandans í árganginum á meðan hið gagnstæða gildi um hina ný skólana. Námslega sterkustu nemendurnir voru í MR. Þar var meðalárangur einu staðalfrávikí fyrir ofan meðaltal árgangsins sem sýnir að meðalnemandinn í MR tilheyrði þeim 16 prósentum árgangsins sem sýndu bestan námsárangur í 10. bekk. Einnig má sjá að í þremur hæstu skólunum voru á bilinu 80 til 90 prósent nemendahópsins með betri meðalárangur í námi í 10. bekk en meðalnemandi árgangsins. Miðað við 95% öryggisbil var nemendahópurinn í MR með hæsta meðaleinkunn í 10. bekk, næsthæst var meðaleinkunn nemenda í VÍ, þriðja hæst í MH, fjórða hæst í Kv og fimmta hæst í FG og MS. Meðalárangur á samræmdum prófum í 10. bekk hafði sterka forspá um í hvaða framhaldsskóla nemendur fóru að loknum grunnskóla og skýrði hún 39% (Nagelkerke R2 = 0,39).

Mynd 4

Fyrri námsárangur nemendahópa eftir skólum og gerð skóla




Mikill munur var á væntingum nemenda um að fara í háskóla að loknum framhaldsskóla eftir skólum og skólagerð eins og má sjá á *Mynd 5*. Fjórir af hverjum fimm í hópi nemenda í MR væntu þess að fara í háskóla og 75 prósent nemenda í VÍ, samanborið við einungis þriðjung nemendahópsins í BHS, TS og FB þar sem hlutfallið var lægst. Nemendahópar blönduðu skólanna gerðu síst ráð fyrir að fara í háskóla af skólunum 13. Á hinn bóginn má sjá að mikil breidd er meðal bóknámsskólanna þar sem á bilinu 53 til 81 prósent gerðu ráð fyrir að fara í nám á háskólastigi að loknu námi í framhaldsskóla.

Lágt hlutfall nemenda í blönduðu skólunum sem stefndu á háskólanám ætti kannski ekki að koma á óvart þar sem hluti hópsins var í starfsnámi en þó má benda á að það átti aðeins við um þriðjung (35%) nemenda. Einnig má benda á að síðan 1999 hafa starfsnámsnemendur átt kost á viðbótarnámi til stúdentsprófs og því má segja að námsvalið í sjálfu sér hindri ekki aðgang að háskólanámi (Elsa Eiríksdóttir, 2022).

Mynd 5

Væntingar nemendahópa um háskólanám eftir skólum og tegund skóla



Skólamunur: Yfirlit

Í *Töflu 2* má sjá samantekt um röðun nemendahópa framhaldsskólanna 13 á rannsóknarbreytunum sem byggð er á framangreindum niðurstöðum. Yfirlitið sýnir skýrt mynstur á samsetningu nemendahópa skólanna eftir félags- og efnahagslegum bakgrunni, fyrri námsárangri og væntingum nemenda um að fara í háskólanám.

Tafla 2

Röðun framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu eftir rannsóknarbreytunum. Blandaðir skólar sem bjóða bæði starfs- og bóknám eru feitletraðir

Breytur	Röðun frá lágsta til hæsta												
Hlutlæg félags- og efnahagsstaða	FB	TS	BHS	FMos	FÁ	MK	Flb	Kv	FG	MS	VÍ	MH	MR
Huglæg félags- og efnahagsstaða	FB	TS	FG	BHS	FMos	MK	MH	Flb	FÁ	MS	Kv	VÍ	MR
% foreldrar með háskólamenntun	FB	FÁ	TS	MK	FMos	BHS	Flb	FG	Kv	MS	VÍ	MH	MR
Námsárangur	FÁ	FMos	FB	TS	MK	BHS	Flb	MS	FG	Kv	MH	VÍ	MR
% væntingar um háskólanám	BHS	TS	FB	FÁ	MK	FMos	MS	FG	Flb	MH	Kv	VÍ	MR

Í fyrsta lagi má sjá að nemendahóparnir í blönduðu skólunum sem buðu bæði upp á starfs- og bóknám röðuðust almennt lágst á mælikvörðunum fimm. Í öðru lagi sýna niðurstöðurnar að nemendahópar bóknámsskólanna þriggja; MR, VÍ og MH röðuðust langoftast efst á öllum mælikvörðunum.


Af þessum niðurstöðum má sjá almenna félagslega lagskiptingu framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu þar sem nemendahópar höfðu almennt mun veikari stöðu í skólum sem buðu upp á starfsnám en í skólum sem einungis buðu upp á bóknám. Það segir þó ekki alla söguna. Í næsta kafla er greint frá niðurstöðum fyrir blönduðu skólana þar sem nemendahópar eru bornir saman eftir því hvort þeir voru í bók- eða starfsnámi.

Greining eftir námsleiðum í blönduðum skólum: Bók- og starfsnám

Í þessum kafla gerum við grein fyrir samanburði á rannsóknarbreytum nemenda í blönduðu framhaldsskólunum (BHS, FÁ, FB, MK og TS) eftir því hvort þeir fóru í bók- eða starfsnám. Greining á öllum þremur mælikvörðum félags- og efnahagslegs bakgrunns leiddi í ljós mun sterkari stöðu meðal nemenda í bóknámi en í starfsnámi. *Mynd 6* sýnir hlutlæga félags- og efnahagslega stöðu foreldra eftir námsleiðum. Eins og sjá má hafði nemendahópurinn í bóknámi sterkari bakgrunn en í starfsnámi, bæði þegar litið er til meðalstöðu og miðgildis. Meðalstaða bóknámsnemenda (-0,17) var rétt undir meðalstöðu árgangansins (núllgildið) en meðalstaða þeirra í starfsnámi var nokkuð lægri (-0,51), $t(461) = 3,25$, $p < 0,001$. Auk þess má sjá að sá helmingur hópsins í bóknámi sem var með sterkari bakgrunn var yfir meðalstöðu allra nemenda (0,2).

Mynd 6

Hlutlæg félags- og efnahagsleg staða nemendahópa í blönduðum skólum eftir námsleið




Huglæg félags- og efnahagsleg staða var einnig sterkari meðal bóknámsnemenda en nemenda í starfsnámi, skv. $\chi^2(1, N = 485) = 17,5$, $p < 0,001$. Tvisvar sinnum hærra hlutfall nemenda í starfsnámi (30%) en í bóknámi (14%) var sammála eða mjög sammála þeirri staðhæfingu að foreldrar þeirra ættu oft erfitt með að ná endum saman. Þar að auki kom fram að hlutfallslega fleiri bóknámsnemendur áttu foreldri/foreldra með háskólamenntun, eða tveir af hverjum þremur (64%) en innan við helmingur nemenda í starfsnámi (44%), $\chi^2(1, N = 449) = 16,4$, $p < 0,001$.

Greining á fyrri námsárangri í kjarnagreinum (meðaleinkunn í íslensku, stærðfræði og ensku á samræmdum prófum í 10. bekk) og væntingum nemenda um háskólanám sýndi sama mynstur. Eins og sjá má á *Mynd 7* var töluverður munur á fyrri námsárangri eftir því hvort nemendur blönduðu framhaldsskólanna voru í bóknámi eða starfsnámi $t(475) = 4,98$, $p < 0,001$. Þótt meðalárangur beggja hópa væri undir meðalárangri árgangansins (núllgildið) var hann umtalsvert hærri í bóknámi (-0,42) en í starfsnámi (-0,81).

Mynd 7

Fyrri námsárangur nemendahópa í blönduðum skólum eftir námsleið



Munur var einnig á væntingum nemenda í blönduðu skólunum um að fara í háskóla að loknum framhaldsskóla eftir námsleið, $z(1, N = 497) = 17,2, p < 0,001$. Tæpur helmingur nemenda í bóknámi (46%) vænti þess að fara í háskóla samanborið við rúmlega fjórðung í starfsnámi (28%). Það er skiljanlegt að starfsnámsnemendur sjái sig ekki endilega í námi á háskólastigi þar sem starfsnám á framhaldsskólastigi á Íslandi hefur ekki verið ætlað til undirbúnings fyrir háskólanám. Þó verður að nefna að síðan 1999 hafa framhaldsskólar boðið upp á viðbótarnám til stúdentspróf fyrir starfsnámsnemendur og eins hefur verið boðið upp á framhaldsnám á háskólastigi fyrir einstaka starfsgreinar, til dæmis tæknifræði í Háskólanum í Reykjavík og kennslufræði fyrir iðnmeistara í Háskóla Íslands (Elsa Eiríksdóttir, 2022).

Á heildina litið sýnir greiningin hér að framan sterkari stöðu nemendahópa sem voru í bóknámi en í starfsnámi í blönduðu framhaldsskólunum. Þeir höfðu að jafnaði sterkari félags- og efnahagslegan bakgrunn, stóðu betur námslega í bóklegu kjarnagreinum íslensku, stærðfræði og ensku við lok grunnskóla og stefndu frekar á háskólanám. Niðurstöðurnar fyrir nemendur í bóknámi og starfsnámi sýndu því sambærilega lagskiptingu og fram kom í samanburði á nemendahópum bóknámsskóla og blandaðra skóla.

Umræða: Frjálst skólaval ýtir undir og endurskapar félagslega lagskiptingu

Markmið rannsóknarinnar var að kortleggja hvort og þá hvernig skóla- og námsleiðaval viðheldur félagslegri lagskiptingu og mismunun í íslensku samfélagi sem er í andstöðu við gildandi menntastefnu. Leitast var við að svara því hver áhrif skóla- og námsleiðavals eru á samsetningu nemendahópa framhaldsskóla með tilliti til félags- og efnahagslegs bakgrunns, fyrra námsgengis í bóklegum greinum og væntinga um háskólanám.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu skýrt ólíka samsetningu nemendahópa framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu og þá sérstaklega eftir því hvort skólarnir buðu einungis upp á bóknám eða bæði bók- og starfsnám. Í bóknámsskólum voru nemendur að jafnaði með sterkari félags- og efnahagslegan bakgrunn, áttu mun frekar foreldra með háskólamenntun, voru með hærri einkunnir

í kjarnagreinum við lok grunnskóla og stefndu frekar á háskólanám samanborið við nemendur í blönduðum skólum. Athygli vekur að á öllum þeim mælikvörðum sem lágu til grundvallar í þessari rannsókn röðuðust nemendahópar í blönduðu skólunum lægst en nemendahópar bóknámsskólanna hæst. Sama lagskipting birtist þegar samsetning hópa var skoðuð eftir námsleiðum innan blönduðu skólanna; nemendur stóðu að jafnaði sterkar að vígi í bóknámi en í starfsnámi á þeim þáttum sem voru til skoðunar. Þó ber að hafa í huga að nemendur í bóknámi í blönduðu skólunum voru almennt lægri í þessum þáttum en nemendur í flestum bóknámsskólum. Sýnt hefur verið fram á að þeir þættir sem niðurstöðurnar tóku til ýta undir og endurskapa félagslega lagskiptingu og hafa með því áhrif á framtíðarhorfur ungmenna þegar horft er til menntunar og stöðu á vinnumarkaði (Dubow o.fl., 2009; Emil Dagsson o.fl., 2020; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014; Van den Broeck o.fl., 2023).

Líta má á þá lagskiptingu sem kom fram í niðurstöðunum sem beina afleiðingu af viðmiðum um inntöku (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018, 2022). Ákvæðnir bóknámsskólar voru í sterkari stöðu til að velja inn nemendur með góðan námsárangur úr grunnskóla. Í þeim þremur skólum þar sem staða nemendahópsins var sterkust voru hóparnir jafnframt áberandi einsleitari en í öðrum skólum. Mikill meirihluti nemenda var með mun hærri einkunnir á samræmdum prófum við lok grunnskóla en meðalnemi árgangsins, þau höfðu sterkan félags- og efnahagslegan bakgrunn og stefndu á háskólanám. Þessir skólar röðuðust þannig efst á öllum þeim þáttum sem rannsóknin tók til enda voru þeir með stífari inntökuskilyrði en almennt gerist. Því má segja að þeir fleyti rjómann af nemendahópnum (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2022).

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna því sterka stöðu þeirra skóla sem eru eftirsóknarverðastir á markaði framhaldsskólanna og standa á toppi stigveldisins. Þær renna stöðum undir að aðeins sumir skólar hafa val um nemendur og aðeins sumir nemendur hafa raunverulegt val um skóla (Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018; Magnús Þorkelsson, 2011). Hér má því sjá togstreitu á milli útfærslu á inntökuskilyrðum sem byggir á dreifstýringu og frjálsu skólalag og gildandi menntastefnu sem leggur áherslu á inngildingu og heildstæða menntun fyrir alla (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Hér er einungis fjallað um höfuðborgarsvæðið en hafa þarf í huga að áskoranir í tengslum við skólalag á landsbyggðinni eru miklar og jafnvel enn meiri en á höfuðborgarsvæðinu. Staða lítilla skóla í dreifðum byggðum er afar viðkvæm, sérstaklega þegar horft er til breytinga á aðsókn nemenda (Valgerður S. Bjarnadóttir og Guðrún Ragnarsdóttir, 2021).

Inntöku nemenda í íslenskum framhaldsskólum er fyrst og fremst stýrt af bóknámshefðum; nemendur eru flokkaðir eftir námsárangri í örfáum bóknámsgreinum (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018, 2022). Þetta yfir enn frekar undir gjána á milli bók- og starfsnáms og takmarkar val stórs hóps nemenda. Nemendur sem lakar standa í tilteknum bóknámsgreinum þurfa að velja það nám sem er í boði í þeim skólum sem þeir eiga möguleika á að komast inn í og getur það haft áhrif á framtíðaráform þeirra. Niðurstöðurnar sýna glögg að þegar námsárangur er skilgreindur á einsleitum hátt, eins og hér hefur verið dregið fram, þá er sú hugmyndafræði að nemendur (og foreldrar þeirra) hafi val um nám á framhaldsskólastigi brostin – sérstaklega þar sem inntaka nemenda fer fram í samkeppnisumhverfi. Þá sýna aðrar rannsóknir einnig að félagslegur bakgrunnur hefur áhrif á framtíðaráform nemenda; nemendur sem hafa sterkari bakgrunn eru líklegri til að velja bóknám, hvort sem er á framhaldsskóla- eða háskólastigi (Isopahkal-Bouret o.fl., 2018; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016; Nylund o.fl., 2018). Ríkjandi bóknámshefðir í íslensku menntakerfi leiða til aðgangshindrana bæði á milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla þar sem inntaka í háskóla byggist á sömu bóknámsgreinum og í framhaldsskóla (sjá Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson, 2020; lög um háskóla nr. 63/2006). Því geta framhaldsskólar ráðið úrslitum um náms- og starfsval nemenda. Niðurstöðurnar gefa tilefni til þess að ætla að nemendur sem útskrifast úr blönduðum framhaldsskólum, einkum þeir sem ljúka starfsnámi, séu ekki eins líklegir og nemendur sem útskrifast úr bóknámsskólum til að sinna sérfræðistörfum sem krefjast háskólamenntunar. Börn foreldra í neðri stéttum eiga því ekki eins greiða leið í sérfræðistörf eins og börn foreldra í efri og millistéttum.

Rannsóknir sýna að nemendur með sterkari félags- og efnahagslegan bakgrunn hafi betri aðgang að upplýsingum, aðstoð, úrræðum og valmöguleikum í gegnum sterkara tengslanet (Ball o.fl., 1996; Ball og Vincent, 1998; Connell, 2013; Dovemark o.fl., 2018; Dovemark og Rasmussen, 2022; Horvat o.fl., 2003). Þannig má fullyrða að félags- og efnahagslegur bakgrunnur nemenda innan ákveðinna bóknáms-skóla og námsleiða viðhaldi og styrki þá lagskiptingu sem fyrir er innan kerfisins. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir sem sýna mikilvægi þess að horfa til bakgrunns nemenda við val á skóla og námsleiðum, sérstaklega ef markmið menntakerfisins snúa að jafnrétti til náms og inngildingu (Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018, Ball o.fl., 1996; Ball og Vincent, 1998, 2007; Ball og Youdell, 2008; Dovemark o.fl., 2018).

Í ljósi þeirra niðurstæðna sem ræddar eru hér að framan, sem sýna að inntökukerfi framhaldsskóla á Íslandi stuðlar að aukinni félagslegri lagskiptingu og aðgreiningu, er mikilvægt að huga að því hvernig skólavali fer fram. Nemendur sem ljúka skyldunámi sækja um í framhaldsskóla og velja námsbraut um áramót í eins konar forvali, en staðfesta val sitt eða breyta því í lok maí. Frá áramótum og til vorsins á sér stað ákveðin síun. Nemendur verða fyrir áhrifum frá foreldrum á þessu tímabili og öðrum innan skólakerfisins sem leiðbeina þeim um val á framhaldsskólum út frá námsárangri (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018; Guðrún Ragnarsdóttir, 2018; Magnús Þorkelsson, 2011) en jafnframt eru áhrifin frá vinum umtalsverð (sjá t.d. Svanhildur Svavarsdóttir, 2010). Það kemur því ekki á óvart að nemendur séu almennt „raunsær“ við val á framhaldsskóla (Magnús Þorkelsson, 2011). Taka þarf mið af þessu dulda ferli sem á sér stað frá forvali til lokavals. Nemendur eru hvattir til að velja „rétt“ út frá námsárangri í tilteknum bóklegum greinum og samfélagslegum skilningi á stigveldi skóla og námsleiða. Ef það er raunverulegur vilji stjórnvalda að stuðla að inngildingunni, jöfnuði og jöfnum tækifærum þá er mikilvægt að skoða skólavalskerfið í heild.

Að lokum

Útfærsla á skólavali og inntöku nemenda í íslenska framhaldsskóla er áskorun. Menntayfirvöld hafa gert nokkrar tilraunir til að breyta áherslum um inntöku nemenda í átt að auknu jafnræði án árangurs. Núverandi útfærsla er undir áhrifum af aukinni markaðsvæðingu og samkeppni um nemendur. Hér er því skýr mótsögn við hugmyndina um inngildingunni í íslensku menntakerfi. Afleiðingin er sú að skólarnir, sérstaklega þeir sem sitja í efri lögum stigveldisins, taka ekki virkan þátt í að stuðla að jöfnuði og þjóna fjölbreyttum nemendahópum, og ýta þar með undir óréttlátt kerfi sem útilokar nemendur úr lægri stéttum. Þess vegna er hugmyndin um frelsi í skólavali ekki veruleiki nema fyrir lítinn hluta nemendaárgangsins og þeir nemendur, sem skortir fjármagn og sterkan félagslegan bakgrunn, þurfa að draga úr væntingum sínum, velja „raunhæft“ og vona það besta.

Niðurstöðurnar benda til þess að inntökukerfin, í bland við markaðsvæðingu og hugmyndafræðina um dreifstýringu og frjálst val, styrki yfirstétt úr röðum bóknámselítunnar einkum þegar skólar keppa um nemendur með góðan námsárangur og sterkan félags- og efnahagslegan bakgrunn. Niðurstöðurnar vekja flóknar spurningar um félagslegt réttlæti, nauðsyn þess að ræða markmið og tilgang menntunar og hvernig íhaldssöm viðhorf stýra og hafa áhrif á menntakerfið, þótt ríkjandi menntastefna boði hið gagnstæða. Jafnframt sýna niðurstöðurnar að endurskoða þurfi inntökuskilyrði og valferla til að stuðla að jöfnum tækifærum allra nemenda, óháð stétt og stöðu.

Upper secondary school and pathway selection in the light of educational hierarchies and social stratification

Education policy in Iceland emphasises inclusive and comprehensive education for all. Upper secondary schooling is open to all students throughout their lifespan (Jón Torfi Jónasson & Gunnhildur Óskarsdóttir, 2016; mennta- og menningarmálaráðuneyti [Ministry of Education, Science and Culture, MoESC], 2012). However, schools set their own admission policies, and some schools are selective (Elsa Eiríksdóttir, 2022; Elsa Eiríksdóttir et al., 2018). Iceland is currently defined as one school district. Admission governance is based on freedom of choice in a decentralised educational system (Dovemark & Rasmussen, 2022; Elsa Eiríksdóttir et al., 2022). This fact means that upper secondary schools create admission policies based on their ability to compete for students. High-status schools are traditionally those that only offer academic programs preparing students for university, while comprehensive schools that include vocational programmes are considered less prestigious (Ásgerður Bergsdóttir & Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018; Kristjana Stella Blöndal et al., 2011; Magnús Þorkelsson, 2011). The hierarchy of upper secondary pathways (academic or vocational) in Iceland clearly reflects the disparity of esteem seen elsewhere (i.e., Billett, 2014; Cedefop, 2014; Elsa Eiríksdóttir et al., 2018). Vocational pathways generally have a lower status than academic pathways that prepare students for university education and are often seen as a landing place for students with lower academic achievement (see Elsa Eiríksdóttir et al., 2018; Nylund et al., 2018).

The paper aims to explore how school and pathway selection perpetuate and reflect established hierarchies and social inequalities, especially as it relates to access to upper secondary education for different groups of students and their future prospects. In the study, the 13 upper secondary schools in the Reykjavik metropolitan area were categorised into two school types: Schools that offer only academic programmes and schools that offer both vocational and academic programmes. Systematic patterns in students' school and pathway choices based on their social and economic background, academic achievement, and educational expectations were analysed. In this longitudinal cohort study, a questionnaire was first administered to all students at the end of compulsory education in the Reykjavik metropolitan area in 2014. Subsequently, data on their standardised grades and progress at upper secondary schools was collected and linked to the questionnaire data. The participants in the study were students of the baseline cohort who attended upper secondary schools the year following compulsory education (in autumn 2015) who participated in the survey at baseline in tenth grade (N = 1869 or 80% of the cohort).

The result shows a clear pattern of school hierarchies and social stratification between and within the 13 upper secondary schools in the Reykjavik metropolitan area. Upper secondary schools offering only academic pathways have a higher proportion of students with stronger socio-economic status and parents with university education compared to schools offering both academic and vocational programmes. The students in the academic schools also have higher academic achievements. They are more likely to see themselves attending universities in the future than students in schools that offer both vocational and academic programmes. The same pattern of results was also seen between the academic and vocational pathways within the schools that offered both programme types. Generally, the results reveal a clear hierarchy of upper secondary schools and pathways, where some schools attract and select high-achieving students with more educated parents with stronger socio-economic status, while other schools have a much more diverse student population. The results also reveal similar disparities between academic and vocational pathways.

This school and pathway hierarchy reflects a social stratification reinforced by the selection system and free school choice that, in practice, contradicts inclusion policy and highlights the different selection opportunities associated with socio-economic backgrounds (Berglind Rós Magnúsdóttir & Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018; Dovemark & Nylund, 2022; Dovemark & Rasmussen, 2022; Elsa Eiríksdóttir et al., 2018; Kristjana Stella Blöndal & Sigrún Aðalbarnardóttir, 2014). The tension between the actual admission structures and the educational policy can be traced to two contradictory ideas: on the one hand, the idea of inclusive education and, on the other, the ideology of decentralisation and free school choice. Mainly, students with high socio-economic backgrounds and educated parents have, in fact, the option of choosing upper secondary schools and pathways. Other students are more likely to adjust their choices and prospects to fit this hierarchy. This result also means that only some schools are responsible for the diversity of the student population and upholding inclusion policies. The findings give rise to complex questions on social justice, the need for discussions on the aim of education, and how the admission structure and implementation can lead to results that oppose official education policy.

Keywords: upper secondary education; school choice; social stratification; academic education; vocational education; admission governance

Um höfunda

Kristjana Stella Blöndal (kb@hi.is) er dósent í framhaldsnámi í náms- og starfsráðgjöf við Félagfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Í rannsóknum sínum hefur hún einkum beint sjónum að skuldbindingu nemenda til náms og skóla, náms- og starfsferli ungmenna og brotthvarfi frá námi. Stella notar þverfaglega nálgun og styðst við kenningar á sviði menntunar-, sálar- og félagsfræði. Hún er virkur þátttakandi í alþjóðlegum rannsóknum og hefur unnið náið með menntayfirvöldum í mótun forvarna gegn brotthvarfi nemenda.

Elsa Eiríksdóttir (elsae@hi.is) er dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands 1999 og meistara- og doktorsprófi í verkfræðilegri sálfræði frá Georgia Institute of Technology 2007 og 2011. Rannsóknir hennar hafa helst snúið að verk- og starfsmenntun, framhaldsskólastiginu, hugrænni námssálarfræði, þróun kunnáttu og yfirfærslu þekkingar.

Guðrún Ragnarsdóttir (gudrunr@hi.is) er dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún er lífeindafræðingur og kennari að mennt. Að auki er hún með diplómagraðu í opinberri stjórnslu, MPH-gráðu í lýðheilsufræðum og doktorsgráðu í menntavísindum frá Háskóla Íslands. Guðrún hefur starfað sem millistjórnandi og grunn- og framhaldsskólakennari. Einnig hefur hún tekið að sér fjölbreytt verkefni á sviði menntunar fyrir Evrópuráðið. Rannsóknasvið hennar er kennslufræði, skólaþróun, starfsþróun og stjórnun skóla.

About the authors

Kristjana Stella Blöndal (kb@hi.is) is an associate professor at the Faculty of Sociology, Anthropology and Folkloristics, University of Iceland. Her research focuses on upper secondary education, mainly on student engagement and progress through school. She has worked closely with educational authorities, especially regarding early school leaving and policy making. Kristjana is an active participant in international research in upper secondary education.

Elsa Eiríksdóttir (elsae@hi.is) is an associate professor at the University of Iceland, School of Education. She completed a BA degree in psychology from the University of Iceland in 1999 and a master's and a PhD in engineering psychology from Georgia Institute of Technology in 2007 and 2011, respectively. Her research interests include vocational education and training, upper secondary education, cognitive views of learning, skill acquisition, and transfer of learning.

Guðrún Ragnarsdóttir (gudrunr@hi.is) is an associate professor at the School of Education, University of Iceland. She completed a PhD in educational science from the University of Iceland in 2018. Her research areas are educational change and policy, educational systems, upper secondary education, and school leadership. Recently, her research focus has been on the impact of COVID-19 on upper secondary education.

Heimildir

- Aarkrog, V. (2020). The standing and status of vocational education and training in Denmark. *Journal of Vocational Education and Training*, 72(2), 170–188. <https://doi.org/10.1080/13636820.2020.1717586>
- Anna Lilja Þórisdóttir. (2023, 7. júní). *Reyna að þvinga kennara til að gefa hærri einkunnir*. RÚV. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-06-07-reyna-ad-thvinga-kennara-til-ad-gefa-haerri-einkunnir>
- Atli Harðarson. (2011). Húmanisminn, upplýsingin og íslenska stúdentsprófið. *Skírnir*, 185(1), 123–144. <https://timarit.is/page/7026304#page/n124/mode/2up>
- Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2018). Ólíkur félagslegur og menntapólitískur veruleiki íslenskra framhaldsskóla: Nám til stúdentsprófs í 20 ár af sjónarhóli framhaldsskólakennara og -stjórnenda. *Sérrit Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.12>
- Ball, S. J., Bowe, R. og Gewirtz, S. (1996). School choice, social class and distinction: The realization of social advantage in education. *Journal of Education Policy*, 11(1), 89–112. <https://doi.org/10.1080/0268093960110105>
- Ball, S. J. og Vincent, C. (1998). 'I heard it on the grapevine': 'Hot' knowledge and school choice. *British Journal of Sociology of Education*, 19(3), 377–400. <https://doi.org/10.1080/0142569980190307>
- Ball, S. J. og Vincent, C. (2007). Education, class fractions and the local rules of spatial relations. *Urban Studies*, 44(7), 1175–1189. <https://doi.org/10.1080/00420980701302312>
- Ball, S. J. og Youdell, D. (2008). *Hidden privatisation in public education*. Education International.
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Kosunen, S. (2022). Upper-secondary school choices in Reykjavik and Helsinki: The selected few in the urban North. Í A. Rasmussen og M. Dovemark (ritstjórar), *Governance and choice of upper secondary education in the Nordic countries: Access and fairness* (bls. 77–95). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-031-08049-4_5
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir. (2018). „Bara ekki mínar týpur!“ Sjálfsmyndarsköpun, félagsleg aðgreining og framhaldsskólalval. *Sérrit Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.13>
- Billett, S. (2014). The standing of vocational education: Sources of its societal esteem and implications for its enactment. *Journal of Vocational Education & Training*, 66(1), 1–21. <https://doi.org/10.1080/13636820.2013.867525>
- Birna Svanbjörnsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Laufey Petrea Magnúsdóttir, Rúnar Sigþórsson og Trausti Þorsteinsson. (2019). *Menntun fyrir alla – horft fram á veginn*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=99266f21-3909-11ea-9451-005056bc530c>
- Björn Guðmundsson. (2018, 19. október). *Einkunnabólga og þunglyndi háskólanema*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20181608016d>
- Bryndís Schram. (2009, 29. júní). Hvers konar skólakerfi? *Morgunblaðið*, bls. 15. <https://timarit.is/page/5256066?iabr=on#page/n14/mode/2up/search/%22Hvers%20konar%20sk%C3%B3lakerfi%3F%22>
- Burgess, S., Propper, C. og Wilson, D. (2007). The impact of school choice in England: Implications from the

- economic evidence. *Policy Studies*, 28(2), 129–143. <https://doi.org/10.1080/01442870701309064>
- Cedefop. (2014). *Attractiveness of initial vocational education and training: Identifying what matters*. Publications Office of the European Union. https://www.cedefop.europa.eu/files/5539_en.pdf
- Connell, R. (2013). The neoliberal cascade and education: An essay on the market agenda and its consequences. *Critical Studies in Education*, 54(2), 99–112. <https://doi.org/10.1080/17508487.2013.776990>
- Dolton, P. (2003). A review of “The economics of school choice”. *The Economic Journal*, 113(485), 167–179. <https://www.jstor.org/stable/3590143>
- Dovemark, M. og Holm, A.-S. (2017). Pedagogic identities for sale! Segregation and homogenization in Swedish upper secondary school. *British Journal of Sociology of Education*, 38(4), 518–532. <https://doi.org/10.1080/01425692.2015.1093405>
- Dovemark, M., Kosunen, S., Kauko, J., Berglind Rós Magnúsdóttir, Hansen, P. og Rasmussen, P. (2018). Deregulation, privatisation and marketisation of Nordic comprehensive education: Social changes reflected in schooling. *Education Inquiry*, 9(1), 122–141. <https://doi.org/10.1080/20004508.2018.1429768>
- Dovemark, M. og Nylund, M. (2022). The Janus face of ‘freedom of choice’ in upper secondary school markets. Í A. Rasmussen og M. Dovemark (ritstjórar), *Governance and choice of upper secondary education in the Nordic countries: Access and fairness* (bls. 99–114). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-031-08049-4_6
- Dovemark, M. og Rasmussen, A. (2022). Upper secondary education in the Nordic countries: Governance and choice. Í A. Rasmussen og M. Dovemark (ritstjórar), *Governance and choice of upper secondary education in the Nordic countries: Access and fairness* (bls. 1–17). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-031-08049-4_1
- Dubow, E. F., Boxer, P. og Huesmann, L. R. (2009). Long-term effects of parents’ education on children’s educational and occupational success: Mediation by family interactions, child aggression, and teenage aspirations. *Merrill-Palmer Quarterly*, 55(3), 224–249. <https://doi.org/10.1353/mpq.0.0030>
- Elsa Eiríksdóttir. (2022). Áskoranir starfsmenntunar: Aðgengi starfsmenntanema að háskólanámi. *Sérít Netlu 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.79>
- Elsa Eiríksdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson. (2018). Þversagnir og kerfisvillur? Kortlagning á ólíkri stöðu bóknáms- og starfsnámsbrauta á framhaldsskólastigi. *Sérít Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.7>
- Elsa Eiríksdóttir, Kristjana Stella Blöndal og Guðrún Ragnarsdóttir. (2022). Selection for whom? Upper secondary school choice in the light of social justice. Í A. Rasmussen og M. Dovemark (ritstjórar), *Governance and choice of upper secondary education in the Nordic countries: Access and fairness* (bls. 175–197). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-031-08049-4_10
- Emil Dagsson, Þorlákur Karlsson og Gylfi Zoega. (2020). The intergenerational transmission of education: A case study from Iceland. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 16(2), 243–260. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2020.16.2.8>
- Fjellman, A.-M., Yang-Hansen, K. og Beach, D. (2018). School choice and implications for equity: The new political geography of the Swedish upper secondary school market. *Educational Review*, 71(4), 518–539. <https://doi.org/10.1080/00131911.2018.1457009>
- Ganzeboom, H. B. G. (2010). *Occupational status measures for the new International standard classification of occupations ISCO-08; with a discussion of the new classification*. <http://www.harryganzeboom.nl/isol/isol2010c2-ganzeboom.pdf>
- Guðrún Ragnarsdóttir. (2018). *School leaders’ perceptions of contemporary change at the upper secondary school level in Iceland: Interaction of actors and social structures facilitating or constraining change* [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Opin vísindi. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/2530>
- Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson. (2020). The impact of the university on upper secondary education through academic subjects according to school leaders’ perceptions. Í L. Moos, E. Nihlfors og M. Paulsen (ritstjórar), *Re-centering the critical potential of Nordic school leadership research: Fundamental but often forgotten perspectives*. *Educational Governance Research* (bls. 191–207). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-030-55027-1_11
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). *Nemendur eftir skólastigi, tegund náms, almennu sviði og kyni 1997–2022*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolastig__0_fsNemendur/SKO03104.px/table/tableViewLayout1/?rxid=33160794-6611-4c60-9c07-6e6099f7e803

- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). *Nýnemar á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri, tegund náms, bakgrunni og kennsluformi 1997–2017*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolastigi__0_fs-Nemendur/SKO03109/table/tableViewLayout1/?rxid=12bbb1c2-1ae4-4095-a0e6-dcda0c6a6464
- Hagstofa Íslands. (2018, 9. apríl). *Nýnemum fækkar í starfsnámi á framhaldsskólastigi*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/nynemar-a-framhaldsskolastigi-1997-2016/>
- Heiður Hrund Jónsdóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2023). The choice of track matters: Academic self-concept and sense of purpose in vocational and academic tracks. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 67(4), 621–636. <https://doi.org/10.1080/00313831.2022.2042843>
- Horvat, E. M., Weinger, E. B. og Lareau, A. (2003). From social ties to social capital: Class differences in the relations between schools and parent networks. *American Educational Research Journal*, 40(2), 319–351. <https://doi.org/10.3102/00028312040002319>
- Hoxby, C. M. (2003). School choice and school competition: Evidence from the United States. *Swedish Economy Policy Review*, 10(2), 9–65. <https://www.government.se/reports/2003/01/swedish-economic-policy-review-volume-10-no.-2-what-can-educational-policies-achieve->
- Isopahkala-Bouret, U., Börjesson, M., Beach, D., Haltia, N., Jón Torfi Jónasson, Jauhiainen, A. Kosunen, S., Nori, H. og Vabø, A. (2018). Access and stratification in Nordic higher education: A review of cross-cutting research themes and issues. *Education Inquiry*, 9(1), 142–154. <https://doi.org/10.1080/20004508.2018.1429769>
- Jón Torfi Jónasson. (1992). Þróun framhaldsskólans: Frá starfsmenntun til almenns bóknáms. *Uppeldi og menntun*, 1(1), 173–189. <https://timarit.is/page/4844854#page/n174/mode/2up>
- Jón Torfi Jónasson. (2008). Samræmdur framhaldsskóli í mótun. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningssfræðsla á Íslandi 1880–2007: Síðara bindi, Skóli fyrir alla 1947–2007* (bls. 157–173). Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson, Guðrún Ragnarsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir. (2021). The intricacies of educational development in Iceland: Stability or disruption? Í L. Moos og J. B. Krejsler (ritstjórar), *What works in Nordic school policies? Mapping approaches to evidence, social technologies and transnational influences* (bls. 67–86). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-030-66629-3_4
- Jón Torfi Jónasson og Gunnhildur Óskarsdóttir. (2016). Iceland: Educational structure and development. Í T. Sprague (ritstjóri), *Education in non-EU countries in Western and Southern Europe* (bls. 11–36). Bloomsbury. <https://doi.org/10.5040/9781474243230.ch-001>
- Jørgensen, C. H. (2022). Social inclusion and equality in access: Comparing vocational education in Sweden and Denmark. Í A. Rasmussen og M. Dovemark (ritstjórar), *Governance and choice of upper secondary education in the Nordic countries: Access and fairness* (bls. 39–56). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-031-08049-4_3
- Kolbeinn Tumi Daðason. (2023, 8. júní). *Einn bókstafur notaður til að fleyta rjómann af nemendahópnum*. Visir. <https://www.visir.is/g/20232425500d/einn-bokstafur-notadur-til-ad-fleyta-rjomann-af-nemendahopnum>
- Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir. (2013). Óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla. *Sérrit Netlu 2013 – Rannsóknir og skólastarf*. http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/005.pdf
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Atli Hafþórsson. (2019). Student disengagement in inclusive Icelandic education: A question of school effect in Reykjavík. Í J. Demanet og M. Van Houtte (ritstjórar), *Resisting education: A cross-national study on systems and school effects* (bls. 117–133). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-030-04227-1_6
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Sólrún Sigvaldadóttir. (2016). *Sérkenni námsferils starfsnámsnemenda í framhaldsskóla: Afstaða og skuldbinding til náms, líðan og stuðningur foreldra og skóla. Menntavísindastofnun; Háskóli Íslands*. <http://hdl.handle.net/1946/26433>
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Tannhäuser, A.-C. (2011). Dropout in a small society: Is the Icelandic case somehow different? Í S. Lamb, E. Markussen, R. Teese, N. Sandberg og J. Polesel (ritstjórar), *School dropout and completion: International comparative studies in theory and policy* (bls. 233–251). Springer. https://doi.org/10.1007/978-90-481-9763-7_13
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbarnardóttir. (2014). Parenting in relation to school dropout through student engagement: A longitudinal study. *Journal of Marriage and Family*, 76(4), 778–795. <https://doi.org/10.1111/jomf.12125>

- Lasonen, J. og Young, M. (ritstjórar). (1998). *Strategies for achieving parity of esteem in European upper secondary education*. Institute for Educational Research, University of Jyväskylä.
- Lilja Valgerður Pétursdóttir. (2021, 21. október). *Kynjakvóti tekinn upp í Versló*. Vísir.
- Lolle, E. L. og Rasmussen, A. (2022). Choice and competition in the governance of the Danish gymnasium school. Í A. Rasmussen og M. Dovemark (ritstjórar), *Governance and choice of upper secondary education in the Nordic countries: Access and fairness* (bls. 135–153). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-031-08049-4_8
- Lundahl, L., Arreman, I. E., Holm, A.-S. og Lundström, U. (2013). *Educational marketization the Swedish way*. *Education Inquiry*, 4(3), 497–517. <https://doi.org/10.3402/edui.v4i3.22620>
- Lög um framhaldsskóla nr. 57/1988.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Lög um háskóla nr. 63/2006.
- Lög um heimild til að stofna fjölbrautaskóla nr. 14/1973.
- Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008.
- Lög um skólakerfi nr. 55/1974.
- Magnús Þorkelsson. (2011). Hverjir eru valkostir nýnema í framhaldsskólum? *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. <https://netla.hi.is/serrit/2011/menntakvika2011/alm/006.pdf>
- Magnús Þorkelsson. (2012). Er hægt að bera saman íslenska framhaldsskóla í einum lista? Nokkur orð um röðunarkerfi Frjálsrar verslunar. *Netla – Vefúmarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2012/alm/008.pdf>
- María Jónasdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir og Elsa Eiríksdóttir. (2023). Cascading effect of upper secondary education policy reform: the experiences and perspectives of university teachers. *Education Inquiry*, 1-21. <https://doi.org/10.1080/20004508.2023.2207297>
- Mennta- og barnamálaráðuneytið (2016, 28. júní). *Nemendum fækka á framhalds- og háskólastigi*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2016/06/28/Nemendum-faekkar-a-framhalds-og-haskolastigi/>
- Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2022). *Menntastefna til ársins 2030*. <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menntamal/Menntastefna/menntastefna-vefur.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: Almennur hluti*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti. Greinasvið 2013*.
- Menntamálastofnun. (e.d.). *Framhaldsskólatölfræði*. <https://mms.is/framhaldsskولاتolfrædi>
- Menntamálastofnun. (2018). *Tölfræði starfsnáms á Íslandi*. https://mms.is/sites/mms.is/files/mms_starfsnam_2.pdf
- Menntaskólinn við Hamrahlíð. (e.d.). *Saga skólans*. <https://www.mh.is/is/skolinn/skolinn-og-starfid/saga-skolans>
- Musset, P. (2012). *School choice and equity: Current policies in OECD countries and a literature review*. *OECD Education Working Papers*, no. 66. OECD Publishing. <https://doi.org/10.1787/5k9fq23507vc-en>
- Nylund, M., Rosvall, P.-Å., Elsa Eiríksdóttir, Holm, A.-S., Isopahkala-Bouret, U., Niemi A.-M. og Guðrún Ragnarsdóttir. (2018). The academic-vocational divide in three Nordic countries: Implications for social class and gender. *Education Inquiry*, 9(1), 97–121. <https://doi.org/10.1080/20004508.2018.1424490>
- Parkes, D. (1993). Parity of esteem for vocational education? *European Journal of Education*, 28(2), 131–134. <https://www.jstor.org/stable/1503381>
- Pawel Bartoszek. (2010, 19. mars). *Enginn jafnari en aðrir*. Deiglan. <http://www.deiglan.is/13073/>
- Pawel Bartoszek. (2011). Hvaða skólar skara fram úr? *Frjáls verslun*, 73(3), 34–47. <https://timarit.is/page/6247637?iabr=on>
- Pawel Bartoszek. (2012). Hvaða skólar skara fram úr? *Frjáls verslun*, 74(3), 50–62. <https://timarit.is/page/6218583?iabr=on>
- Páll Vilhjálmsson. (2017, 26. maí). *MS sem elítuskóli og kerfið*. https://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalms/entry/2196576/
- Reay, D. (2004). Exclusivity, exclusion, and social class in urban education markets in the United Kingdom. *Urban Education*, 39(5), 537–560. <https://doi.org/10.1177/0042085904266925>

- Reglugerð nr. 204/2012 um breyting á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 1150/2008.
- Reglugerð nr. 1199/2016 um breytingu á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 1150/2008.
- Reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 98/2000.
- Reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 1150/2008.
- Ríkisendurskoðun. (2017). *Starfsmenntun á framhaldsskólastigi: Skipulag og stjórnýssla*. <https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2017-Starfsmenntun-a-framhaldsskolastigi.pdf>
- Sandra D. Gunnarsdóttir. (2020). „Það er svo mikill fókus í okkar námi á bóknám“: Áskoranir í náms- og starfsráðgjöf með áherslu á ráðgjöf um starfsnám [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/35232>
- Sigríður. (2010, 19. febrúar). *Óánægja með endurkomu hverfisskóla*. Vísir. <https://www.visir.is/g/2010203207168>
- Snorri Másson. (2022, 8. ágúst). *Margfalt fleirum hafnað um nám í starfsnámi*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20222295015d>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Menntastefna 2030: Skýrsla OECD um innleiðingu menntastefnu*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menntastefna%202030_thyding%20skyrslu%20OECD_050721.pdf
- Svanhildur Svavarsdóttir. (2010). *Á hverju byggja 10. bekkingar val sitt á framhaldsskólanámi? Skólabeimsóknir og önnur upplýsingaöflun 10. bekkinga um framhaldsskóla og námsbrautir* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/4774>
- Thompson, S. K. (2012). *Sampling*. John Wiley & Sons.
- Umbodismaður Alþingis. (2010). *Álit: Menntamál. Framhaldsskólar. Forgangsregla við innritun í framhaldsskóla. Lagageimild stjórnvaldsfyrirmæla. Birting stjórnvaldsfyrirmæla. Réttmætar væntingar (Mál nr. 5994/2010 og 6009/2010)*. <https://www.umbodsmadur.is/mal/nr/1682/skoda/mal>
- Urður Örlýgsdóttir og Ísak Gabríel Regal. (2023, 8. júní). *Einfalda þurfi einkunnakerfið og setja skýrari verklagsreglur*. RÚV. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-06-08-einfalda-thurfi-einkunnakerfid-og-setja-skyrari-verklagsreglur>
- Valgerður S. Bjarnadóttir og Guðrún Ragnarsdóttir. (2021). „Við skiptum máli fyrir samfélagið“: Samfélagslegt mikilvægi og flókin samkeppnisstaða tveggja framhaldsskóla í dreifðum byggðum. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 30(2), 67–87. <https://doi.org/10.24270/tuom.2021.30.8>
- Van den Broeck, L., Kristjana Stella Blöndal, Elias, M. og Markussen, E. A. (2023). A search for the determinants of students' educational expectations for higher education in four European cities: The role of school SES composition and student engagement. *European Educational Research Journal*, 22(3), 433–455. <https://doi.org/10.1177/14749041211062434>
- West, A. (2006). School choice, equity and social justice: The case for more control. *British Journal of Educational Studies*, 54(1), 15–33. <https://doi.org/10.1111/j.1467-8527.2006.00334.x>
- Pingskjal nr. 763/1971–1972. Frumvarp til laga um stofnun sameinaðs framhaldsskóla. https://www.althingi.is/altext/althingistidindi/L092/092_thing_1971-1972_thingskjal_A.pdf



Kristjana Stella Blöndal, Elsa Eiríksdóttir og Guðrún Ragnarsdóttir. (2024). Stigveldi framhaldsskóla: Frjálst skólaval ýtir undir og endurskapar félagslega lagskiptingu Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérítt 2024 – Framhaldsskólinn - Menntastefna og félagslegt réttlæti. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2024/framhaldskolinn_menntastefna_felagslegt_rettlæti/03.pdf
DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2024.3>